



Efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis

b.t. Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Efni: Olúgjald

Visað er til bréfs nefndarinnar dags. 10. nóv. 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um olúgjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Í löngum aðdraganda að upptöku olúgjalds í stað þungaskatts, voru tvö meginatriði sem Strætó bs, áður SVR óskuðu eftir í umbeðnum umsögnum til nefndarinnar. Þau eru að breytingin yrði ekki til útgjaldaauka eða aukinnar fjárbindingar. Niðurstaðan er hins vegar að upptakan leiddi til aukins kostnaðar og fjárbindingar fyrir þjónustu strætisvagna.

Upptaka olúgjalds í stað þungaskatts hefur leitt til um 39 mkr. kostnaðarauka á ári fyrir strætisvagnþjónustu á þjónustusvæði Strætó bs. frá því sem var er þungaskattskerfi var til staðar. Því til viðbótar er 11-12 mkr. fjárbinding, þar sem olúgjald er greitt að fullu við afhendingu, en 80% af 41 kr. sem er 64,3% af olúgjaldinu, er endurgreitt síðar. Virðisaukaskattur er lagður á olúgjaldið, en ekki endurgreiddur að neinu.

Verði olúgjald lækkað úr 41 kr. í 37 í fimm mánuði lækkar áðurgreindur kostnaðarauki um 3,2 mkr. og verður tæpar 13 mkr. í stað liðlega 16 mkr. á fimm mánaða tímabili.

Það er því umsögn Strætó bs. að með umræddri breytingu verði að nokkru dregið úr þeim kostnaðarauka sem þjónusta strætisvagna varð fyrir við álagningu olúgjalds.

Strætó bs. áréttar jafnframt að gerðar verði ráðstafanir til að leiðrétta þann kostnaðarauka og fjárbindingu sem þjónustustarf strætisvagna er látið bera þvert gegn því sem óskað hefur verið. Þar vekur þó mesta athygli að 80% endurgreiðsluhlutfall í lögunum er við framkvæmd ekki látið ná til virðisaukaálagningar þannig að endurgreiðsla er liðlega 64%.

Reykjavík 18. nóvember 2005.

Hörður Gíslason

Hörður Gíslason

Aðstoðarframkvæmdastjóri

Strætó bs.